

Mánudagur 19/4 2021

Fundur kl. 20:30 og mætt eru Garðar Kári, Susanne, Jóhanna, Yairina og Anna Júlía.

Farið yfir teikningar sem komnar eru í sambandi við viðbyggingu við Hrafnagilsskóla og engar athugasemdir setta fram að okkar hálfu.

Rætt var um skóladagatalið og mikilvægi þess að hafa samræmi á milli leik-og grunnskóla þegar kemur að starfsdögum skólanna.

Stjórnin hefur velt fyrir sér covid vænum lausnum á því að gera eitthvað skemmtilegt/gagnlegt fyrir nemendur skólans. Ýmsar hugmyndir komu upp, t.d. möguleg kaup á húfum/peysum sem hægt væri að merkja hverju barni. Það var ákveðið að skoða kostnað þar að lútandi hjá nokkrum fyrirtækjum til að kanna hvort að það væri einhver möguleiki. Einnig kom fram hugmynd um loftboltakeppni og svo kassabílakeppni. Varðandi kassabílana var sú hugmynd hvort við gætum sett bekki saman í lið, td. 1. og 10.bekk, 2. og 9.bekk og svo framvegis. Nemendur gætu hjálpast að, kanna möguleika á kassabílasmiðjudegi og hvort hægt væri að nýta smíðatíma í skóla í samráði við kennara. Ákveðið að viðra hugmyndina við Rebekku smíðakennara, hvort hún hafi hugmynd af framkvæmd á þessu verkefni sem og bera undir bekkjarfulltrúa. Síðast en ekki síst kom hugmynd um hvort möguleiki væri að kaupa leiksýningu sem nemendur gætu svo notið heima hjá sér í sinni kúlu (svipað fyrirkomulag og var með árshátíðirnar).

Fundi slitið kl. 21:30.